

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 1995

28. apríl 1995

525

Nr. 254

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

<u>Landbúnaðarhráefni</u>	<u>Innlent viðmiðunarverð</u>	<u>Erlent viðmiðunarverð</u>
	<u>kr/kg</u>	<u>kr/kg</u>
Smjör	275,00	76,39
Smjör, óniðurgreitt	956,67	76,39
Mjólkurduft	233,42	87,88
Undanrennumjöl óniðurgreitt	306,85	79,42
Ostur	444,86	139,75
Egg, skurnlaus	168,80	58,56
Nautgripakjöt, beinlaust	592,20	167,46
Kindakjöt, beinlaust	486,20	106,56
Svínakjöt, beinlaust	445,90	113,77
Kjúklíngakjöt, beinlaust	657,05	76,52

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

<u>Tollskrárnúmer</u>	<u>Verðjöfnunargjald</u>
	<u>kr/kg</u>
0402.1000	146
0403.1001	63
0403.1003	33
0403.9001	27
0403.9002	27

0403.9003	27
0403.9004	106
0403.9009	180
0404.9000	51
0405.0000	242
0406.2000	365
0406.3000	294
0406.9000	244
0408.1100	674
0408.1900	332
0408.9100	637
0408.9900	152
1602.4900	111
1901.2023	99
1901.2024	68
1902.2022	64
1902.2041	58
1902.3022	64
1902.3041	58
1902.4022	64
1905.9051	99
1905.9059	68
2202.9001	41

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir eða sé ekki í samkeppni við samskonar innlenda vöru eða vörulíki.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 66/1995 með síðari breytingm.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. apríl 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Björn Þorláksson.